

Hópuppsagnir í maí 2010, 2. Júní 2010

Vinnumálastofnun bærust 2 hópuppsagnir í maímánuði þar sem sagt var upp 27 manns. Um er að ræða fyrirtæki í framleiðslu í byggingariðnaði, svo og mannvirkjagerð. Ástæða uppsagna eru rekstrarerfiðleikar og endurskipulagning. Stefnt er að endurráðningu hluta starfsmanna.

Þessar hópuppsagnir koma flestar til framkvæmda í september til nóvember 2010.

Tilkynntar hópuppsagnir á árinu 2010

Alls hafa Vinnumálastofnun borist tilkynningar um uppsagnir 183 manns á árinu 2010 í hópuppsögnum. Flestar uppsagnirnar eru úr mannvirkjagerð 85, 29 úr fjármálastarfsemi, 27 úr verzlun, 23 úr upplýsingaiðnaði og 19 úr iðnaði.